

SPURNINGARNAR FJÓRAR

Þegar vinahópar Jesú hittast liggja eftirfarandi spurningar til grundvallar:

1. Hefurðu fundið fyrir nærveru Jesú Krists í síðustu viku og því að vera elskað barn Guðs? Hvernig?
2. Er einhver sundrung í lífi þínu, er eitthvað sem þú þarft að játa?
3. Hefur einhver séð Krist í þér nýlega?
4. Hvað hefurðu verið að lesa í Biblíunni? Hvað heldurðu að Guð sé að kenna þér?

Svo endum við á því að lesa Sál 1 og setjum fyrstu persónu fornafn (ég) í stað þriðju persónu.

Höfum hugfast að spurningunum svarar hver fyrir sig á eigin forsendum. Við segjum frá því sem Guð er að kenna okkur og forðumst allar fræðilegar skýringar. Þannig leiðréttum við ekki hvert annað heldur hlustum, lærum af því sem hinir segja og þökkum þeim fyrir að deila með okkur.

BIÐJA FYRIR ÖÐRUM

Hver í hópnum nefnir 1–2 einstaklinga sem hann finnur að eru á hjarta hans lagðir. Nöfnin eru skráð á bænalista.

Vinahópar Jesú



Að vera lærisveinn í daglegu lífi

Leiðarvísir um starf kristilegra vinahópa

Nánari upplýsingar á facebook-síðunni:
Vinahópar Jesú

Vinahópar Jesú

Vinátta sem skapast í bæn og við lestur Biblíunnar breytir lífi manns. Í slíku vinasamfélagi skapast trúnaður og löngun til að lifa ósviknu andlegu lífi. Reynslan af starfi vinahópa Jesú hefur sannfært okkur um gildi lítilla samfélagshópa fyrir framtíð kristinnar trúar á Íslandi.

Trú og trúarlíf á undir högg að sækja í íslensku samfélagi og má rekja ástæður þess til margra þátta. Heimsveldi hafa fallið og alls kyns hugmyndakerfi hafa reynst haldlaus, en þegar þú hittir gamlan féлага er hann sjálfum sér líkur. Við mannfólkið erum gjarnan sjálfum okkur lík í gegnum lífið. Erindi Jesú Krists var persónulegt, hann ávarpaði síður stofnanir eða kerfi en höfðaði frekar til einstaklinganna, fólksins sem mótar samfélagið, stofnanir þess og hugmyndafræði.

Vinahópar Jesú byggjast því á samfélagi einstaklinga sem snýst um heiðarlegt samtal og samstöðu í bæn.



ÞJÁLFUN LÆRISVEINA

Í anda áherslu Jesú byggja vinahóparnir á samfélagi einstaklinga og einföldu skipulagi sem styður fólk í að lifa ósviknu andlegu lífi. Algengt er að tveir til fjórir hittist vikulega í klukkutíma í senn.

Jesús útskýrði að meginhlutverk safnaða ætti að vera þjálfun lærisveina og að hjálpa fólki sem á barnatrú að eignast fullorðinstrú. Hann kenndi okkur að markmiðið ætti ávalt að gera fólk að lærisveinum því þá vex kirkjan, en ef við vinnum aðallega að því að viðhalda kirkjum þá sjáum við fáa lærisveina.

LITLIR HÓPAR

Líkurnar á því að fólk upplifi þætti eins og samfélag, sameiginlega ábyrgð, trúnað og handleiðslu heilags anda aukast verulega ef hópar eru litlir. Sumu fólki þykir áskorun að taka þátt í svo fámennum hópi. En þegar hópurinn er lítill fá allir áheyrn og trúnaður vex af sjálfum sér. Reynslan af slíkum vinahópum hefur sýnt að traustur og uppbyggjandi félagsskapur er árangur sem iðulega hlýst af þátttöku í slíkum hópum.

Því að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra
(Matt. 18:20)

Lærisveinar Jesú eru vinir hans



Vináttan við Jesú tengir lærisveina hans saman, þeir verða trúnaðarvinir sem vilja hver öðrum það besta. Annað einkenni vina Jesú er að þeir mynda ekki lokaða hópa. Jesús umgekkst fólk úr ólíkum þjóðfélagshópum og þráði vináttu allra (Jóh. 4:1–42 og Mark. 6:34). Á sama hátt leita vinir Jesú nýrra vina sem þeir geti kynnt fyrir honum.

AÐ ÞEKKJA JESÚ

Lærisveinar Jesú voru samferða honum í daglegu lífi til þess að læra af honum, skilja og tileinka sér sjónarhorn hans og hugsunarhátt. Fyrstu lærisveinarnir voru konur og karlar sem höfðu upplifað nærveru Guðs í lífi sínu. Þetta fólk *vissi* ekki bara um Jesú heldur *þekkti* hann af eigin raun.

Í dag *vita* flestir um Jesú Krist, en við lærum ekki að *þekkja* hann og þiggja leiðsögn hans nema í gegnum samskipti við Jesú sjálfan og lærisveina hans. Þegar Jesús kallaði fólk til að fylgja sér leiðbeindi hann því og þjálfaði eins og góður kennari.

JESÚS ER BOÐSKAPURINN

Fagnaðarerindið um Jesú sem birtist í Biblíunni er ekki bara einhver texti sem hægt er að koma til skila eða skilja eftir hjá fólki, heldur er Jesús sjálfur boðskapurinn. Þess vegna er kristin trú ekki bókstafstrú eða kerfi sem hægt er að fylgja heldur er trúin vinátta við persónu Krists.

EINFALT SKIPULAG

Fólkið í vinarhópum Jesú hjálpast að við að lifa ósviknu andlegu lífi. Farið er eftir einföldu skipulagi sem byggist á þremur þáttum, það er að leggja stund á Biblíulestur, heiðarlegt samtal og fyrirbæn.

Reglulegur Biblíulestur og hlustun

Hópurinn eða hver og einn velur hvað skal lesa úr Biblíunni, heima eða þegar hópurinn hittist, og hlustað er eftir því sem Guð vill segja.

Heiðarlegt samtal

Þekking á Guðsorði er bæði hagnýt og afhjúpanði. Það að lesa Biblíuna og leyfa orðum hennar að hreyfa við okkur varðveitir hjarta okkar og gerir okkur tilbúin til góðra verka (Orðskv. 4:23).

Þegar vinarhópar Jesú hittast liggja eftirfarandi spurningar til grundvallar:

1. Hefurðu fundið fyrir nærveru Jesú Krists í síðustu viku og því að vera elskað barn Guðs? Hvernig?
2. Er einhver sundrung í lífi þínu, er eitthvað sem þú þarft að játa?
3. Hefur einhver séð Krist í þér nýlega?
4. Hvað hefurðu verið að lesa í Biblíunni? Hvað heldurðu að Guð sé að kenna þér?

Svo endum við á því að lesa **fyrsta Sálminn** og setjum fyrstu persónu fornafn (ég) í stað þriðju persónu (Sæl/Sæll er ég sem ...).

Höfum hugfast að spurningunum svarar hver á eigin forsendum. Við segjum frá því sem Guð er að kenna okkur og forðumst allar fræðilegar skýringar. Þannig leiðréttum við ekki hvert annað heldur hlustum, lærum af því sem hinir segja og þökkum þeim fyrir að deila með okkur.

Fyrirbæn

Við biðjum fyrir öðru fólki og að vinátta Jesú verði að veruleika í lífi þeirra. Bæn er trúnaðarsamtal við Guð; hún er líf og andardráttur andans, en ekki reglur eða aðferðir til að virkja máttarvöldin. Ritaðar bænir eru eins og handtak til stuðnings og leiðbeiningar, til hjálpar og hughreystingar. Stundum þurfum við slíkt handtak, stundum ekki (Sálm. 145:18 og Jak. 5:16). Hver og einn nefnir 1–2 einstaklinga sem honum eru á hjarta lagðir og er beðið fyrir þeim fram að næsta fundi hópsins.

FYRIR ALLA SEM VILJA

Hver sem hefur löngun getur verið með eða stofnað sinn eigin vinarhóp. Sum eiga trú, önnur ekki, en aðalatriðið er að þau sem vilja kynnast Guði geta tekið þátt. Þegar hópurinn er orðinn fjögurra eða fimm manna er kominn tími til að móta nýjan hóp svo allir fái sitt svigrúm. Muna þarf að vinarhópar Jesú eru hvorki meðferðarhópar sem veita ráðgjöf né svokallaðir Biblíuleshópar þar sem texti er rýndur.

Sumir hópar hittast á kaffihúsum, aðrir í kirkjum og enn aðrir í heimahúsum. Hópurinn kys stað og stund en sveigjanleiki og staðfesta eru lykilatriðin. Tímarammi hvers fundar er virtur og spurningarnar fjórar skapa rammann. Hverjum fundi lýkur með því að skipst er á bænaefnum og ef hentar er sameiginleg lokabæn, jafnvel kyrrðarbæn. Á milli funda stunda þátttakendur Biblíulestur og fyrirbæn eftir ákvörðun hópsins.

Starf vinarhópa Jesú snýst ekki um nein afrek. Við erum fólk sem velur að læra betur á lífið með iðkun trúar og vináttu.



VINAHÓPAR JESÚ

VINÁTTA ER KJARNINN

Jesús Kristur ávarpaði lærisveina sína sem vini og hvatti þá til þess að líkjast sér og láta gott af sér leiða. Vinir Krists um allan heim eru fólk á ferð sem þekkir rödd góða hirðisins og leitast við að hlýða honum. Og boðorð Jesú Krists er fyrst og fremst það að við elskum Guð og hvert annað (Jóh. 15:17).

EINFALT SKIPULAG

Í vinarhópum Jesú hjálpast fólk við að lifa ósviknu andlegu lífi. Farið er eftir einföldu skipulagi og reynslan hefur sýnt að einlæg og frjáls samskipti myndast helst þegar hóparnir eru litlir. Algengt er að hópurinn hittist vikulega í klukkutíma í senn. Þegar hópurinn er orðinn fjögurra eða fimm manna má huga að myndun nýs hóps.

VERKEFNI FUNDANNA

Reglubundinn Biblíulestur og hlustun

Hópurinn eða hver og einn velur hvað skal lesa úr Biblíunni, heima eða þegar hópurinn hittist, og hlustað er eftir því sem Guð vill segja (Jesaja. 50:4).

Heiðarlegt samtal

Spurningarnar fjórar eru bornar fram og orðið fer hringinn þannig að hver og einn fái svigrúm til að tjá sig.

Fyrirbæn

Við biðjum fyrir öðru fólki og að vinátta Jesú verði að veruleika í lífi þeirra. Bæn er trúnaðarsamtal við Guð; hún er líf og andardráttur andans.